ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 25. febrúar 1998 • 8. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Sumarleyfi Vestfirðinga

Flestir stefna suður í sólina

Svo virðist sem Vestfirðingar ætli ekki að vera neinir eftirbátar annarra landsmanna hvað varðar bókanir á sumarleyfisferðum til áfangastaða erlendis. Samkvæmt upplýsingum blaðsins, hafa bókanir í sumarleyfisferðir stóraukist frá síðasta ári og er svo komið að fjölmargar ferðir eru orðnar uppseldar.

Inga S. Ólafsdóttir hjá söluskrifstofu Samvinnuferða - Landsýnar á Ísafirði, sagði Vestfirðinga mun fljótari að taka við sér í ár en undanfarin ár og stefndu flestir þeirra suður í sólina, til Mallorca og Benidorm. Inga sagði að milli áranna 1996 og 1997 hefði orðið 175% aukning á sölu ferða hjá skrifstofunni og ef færi sem horfir, yrði einnig aukning í ár.

Samvinnuferðir - Landsýn hafa ákveðið að efna til mikillar kynningarhátíðar á Hótel Ísafirði föstudaginn 6. mars, þar sem boðið verður upp á kynningu á ferðum skrifstofunnar, kvöldverð, skemmtun með Ríó tríóinu og dans.

Hjá söluskrifstofu Flugleiða á Ísafirði fengust svipaðar upplýsingar og hér að framan, fjölmargar ferðir væru nú þegar uppseldar. Vigdís Ársælsdóttir hjá söluskrifstofu Flugleiða sagði Portúgal og Mallorca vinsælustu áfangastaðina auk þess sem mikil aukning væri í svokallaðar sumarhúsaferðir í Hollandi, Danmörku og Englandi. Eins og kunnugt er, hafa Flugleiðir ákveðið að leggja niður söluskrifstofu sína á Ísafirði frá og með 15. mars og verða því ferðir með félaginu seldar frá Reykjavík eftir þann tíma. Óvíst er hver tekur við umboði Úrvals-Útsýnar á Ísafirði.

Ísafjarðarbær

Hækkanir á dagvistunargjöldum

Stjórnendur Ísafjarðarbæjar hafa ákveðið að hækka dagvistunargjöld á leikskólum bæjarins um 10% og fæðisgjald um 20%. Ráðgert var að hækkunin tæki gildi 1. apríl nk., en hugmyndir eru uppi um að flýta gildistöku hennar um einn mánuð.

Eftir hækkun mun heilsdagsvistun á leikskóla með fæði kosta 20.824 krónur í stað 17.151 krónu. Fjögurra tíma vistun með fæði kostar eftir hækkun kr. 8.680.-, og sex tíma vistun með fæði kostar kr. 13.992 í stað 12.738 króna.

,,Það er rétt að ákvörðun hefur verið tekin um hækkun á dagvistunar- og fæðisgjöldum á leikskólum bæjarins. Ástæðan fyrir hækkuninni er sú að við höfum dregist aftur úr öðrum sveitarfélögum hvað þetta varðar þrátt fyrir að allur tilkostnaður hafi hækkað s.s. laun og fleira," sagði Kristinn Jón Jónsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar við blaðið.



Spænskur Ísfirðingur á förum til Noregs

-sjá nánar bls. 6 og 7.

HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ

VÖRUVAL

Nautagúllas
kr. 998,-/kg

Frissi fríski appelsínusafi
kr. 129,-/2 ltr.

Þín verslun

HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564

Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson

Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Leiðari

Nýja skipið fyrir Hafró

Þótt fyrr hefði verið var tími til kominn að Íslendingar eignuðust nýtt hafrannsóknaskip, skip í stakk búið til að takast á við þau verkefni á úthafinu, sem hingað til hefur takmarkað verið hægt að sinna.

Furðulegt má telja að fiskveiðiþjóð sem á jafn mikið undir gjöfum hafsins og Íslendingar skuli árum saman hafa borið við auraleysi til fiskirannsókna. Á sama tíma hefur hvergi skort fjármuni til kaupa á fullkomnustu og stórvirkustu tækni til fiskveiða sem völ hefur verið á hverju sinni, og öll hefur miðast við að fullnægja takmarkalausri græðgi mannsins, og hefur gengið svo nærri fiskistofnunum að til auðnar horfði. Að ekki sé nú minnst á svimandi fjárfestingar í skipum, sem þurfa stöðugt meiri afla til að standa undir stofnkostnaði.

En nú hefur vorað í sjávarútveginum og fiskifræðingarnir leika við hvurn sinn fingur þessa dagana. Ástæðan: Búið að skrifa undir samning um smíði nýs hafrannsóknaskips, sem kemur til með að uppfylla þær vonir sem um árabil hafa blundað í brjóstum sérfræðinga okkar í hafrannsóknum, en sem stjórnvöld hvers tíma hafa ekki haft dug í sér til að koma í verk.

Útgerðarmenn, sem til þessa hafa ekki talið sig aflögufæra og átt í stöðugu basli við að ná endum saman, hafa nú af rausnarskap ákveðið að gefa nýtt hafrannsóknarskip, sem sæmir þjóð sem vill rísa undir nafni sem fiskveiðiþjóð.

Það vekur gleði en ekki grát, að svo skuli allt í einu komið fyrir hag útgerðarmanna á Íslandi að þá muni ekki um að rétta þjóðinni eitt stykki hafrannsóknarskip og leysa þar með Alþingi og stjórnmálamenn undan skyldum þeirra. Sú spurning vaknar aftur á móti hver staða alþingismanna sé eftir að hafa kvittað fyrir móttöku skipsins, þjóðkjörinna fulltrúa, sem á hinu háa Alþingi kunna að þurfa að standa að lagasetningum sem stríða gegn hagsmunum færendanna?

Laxveiðiboð fyrirtækja til opinberra embættismanna eru landlæg á Íslandi og árleg bóla á þjóðarsálinni. Ráðherra í ríkisstjórn Íslands kvað það engin áhrif hafa á störf hans að þiggja laxveiðiboð þótt bent væri á að það gæti leitt til hagsmunaárekstra; annar ráðherra kvað hugsanlegan kvótaarf engin áhrif hafa á afstöðu hans til fiskveiðistjórnunar. Alþjóð þekkir ferðagleði opinberra embættismanna undir alls kyns yfirskini.

Yfirlýsingar valdhafa um eigin viljastyrk og siðferðiþrek breyta því ekki að í nútíma viðskiptum er harla fátt sem fæst fyrir ekki neitt.

s.h.

Tveir af þátttakendum á námskeiðinu sem Spessi hélt um helgina ásamt ljósmyndaranum sjálfum.

Ljósmyndanámskeið í Edinborgarhúsinu

Spessi miðlar af þekkingu sinni

Um síðustu helgi stóðu Edinborgarhúsið ehf., og ljósmyndarinn Spessi fyrir námskeiði til handa áhugaljósmyndurum á Vestfjörðum. Á námskeiðinu var farið yfir alla helstu þætti ljósmyndunar, s.s. uppbyggingu mynda, töku mynda, framköllun og kóperingar.Þátttakendur á námskeiðinu voru sjö talsins og voru þeir ánægðir með þá vitneskju sem Spessi veitti þeim. Stefnt er að framhaldsnámskeiði eftir fjórar vikur en það ræðst af fjölda þeirra sem áhuga hafa á að bæta við þekkingu sína á þessu sviði. Um þessar mundir er Spessi að vinna að ljósmyndaverkefni um vestfirskar kvenhetjur, og hefur honum orðið vel ágengt í að fá ,,til við sig".

DHL-deildin í körfuknattleik

Þrjár umferðir eftir

Þrjár umferðir eru nú eftir í úrvalsdeildinni í körfuknattleik, en að henni lokinni hefst úrslitakeppni deildarinnar.

Fyrir 19. umferð er KFÍ í 6. sæti deildarinnar með 22 stig, líkt og fjögur önnur lið. Þeir leikir sem KFÍ á eftir eru gegn Haukum, sem fram fer 6. mars á Ísafirði, útileikur gegn Njarðvík 8. mars og heimaleikur gegn Val 12. mars.

Mjög mikilvægt er að liðið sigri í leikjunum þremur því mótherjar í úrslitakeppninni ráðast af þeim árangri.

Flateyri

Skjólskógar lægstir

Fyrir stuttu voru opnuð tilboð í uppgræðslu snjóflóðavarnargarða á Flateyri og raskaðra svæða í fjórðungnum.

Þrjú tilboð bárust í verkið og reyndist lægsta tilboðið koma frá Skjólskógum á Vestfjörðum. Tilboðið var upp á 23,4 milljónir króna en kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 17 milljónir.

Vestfirðir

Subaru vinsælastur

Subaru var mest keypta bílategundin á Vestfjörðum á síðasta ári samkvæmt nýskráningum hjá Bifreiðaskoðun Íslands en alls seldust 65 bílar af þeirri tegund á árinu.

Í öðru sæti er Toyota með 40 selda bíla, þá kemur Mitsubishi með 23 bíla og Nissan með 16 bíla. Subaru bílar eru einnig vinsælastir á Norðurlandi vestra og eystra en Toyota hefur vinninginn í öllum öðrum landshlutum sem og í höfuðborginni.

Peugeot og Mazda bifreiðar reyndust vera söluminnstu bílarnir á Vestfjörðum á síðasta ári ásamt Honda með aðeins þrjá selda bíla af hverri tegund.

Alþingi

Einar Kristinn vill svar

Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður hefur borið fram fyrirspurn á Alþingi til viðskiptaráðherra um staðsetningu Fjárfestingabanka atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Þingmaðurinn vill fá að vita hverjar voru ástæður þess að skrifstofum stofnananna tveggja var ekki valinn staður á landsbyggðinni og hvort það hefði hamlað starfseminni, hefðu þær verið staðsettar utan höfuðborgarinnar.

Vestfirðir

Fegurstu fljóðin

Sjö stúlkur hafa tilkynnt þátttöku í keppninni um fegurstu stúlku Vestfjarða sem haldin verður í veitingahúsinu Krúsinni 4. apríl. Tvær þeirra koma frá Patreksfirði, tvær frá Flateyri og ein frá Þingeyri, Suðureyri og Bolungarvík. Tvö ár eru liðin frá því keppnin var síðast haldin á Vestfjörðum. Aðalkeppnin fer fram í Reykjavík í lok apríl.

Körfuknattleikur

KFÍ tapaði gegn ÍA

KFÍ beið lægri hlut í viðureign liðsins gegn Skagamönnum á Akranesi fyrir viku. Lokatölur leiksins urðu 86:79 fyrir heimamenn. Stigahæstir í liði KFÍ voru þeir David Bevis með 32 stig og Ólafur Ormsson með 16 stig. Liðið er nú í 6. sæti úrvalsdeildarinnar með 22 stig, líkt og Keflavík, Tindastóll, Njarðvík og KR.

Körfuknattleikur

Friðrik til Bosníu

Friðrik Stefánsson, leikmaður með KFÍ og nýkrýndur Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar er í 12 manna landsliðshópi Íslands sem keppir gegn Bosníu-Herzegóvínu og Litháen í þessari viku. Leikirnir tveir eru leiknir ytra og eru liður í Evrópukeppni landsliða. Til þessa hefur Friðrik leikið sex landsleiki og alla sem leikmaður KFÍ.

Skvass íþróttinni vex fiskur um hrygg

Hjálmar á ný í meistaraflokk

Hjálmar Björnsson hefur unnið sér sæti í meistaraflokki í skvassi á nýjan leik.

Skvass-íþróttinni er stöðugt að vaxa fiskur um hrygg og er nú svo komið að keppt er í fjórum flokkum í íþróttinni, meistaraflokki, 1. og 2. flokki og kvennaflokki. Til þess að ná árangri í íþróttinni úti á landsbyggðinni þurfa iðkendur að sækja öll punktamót til Reykjavíkur, samtals sex mót auk Íslandsmótsins.

Tveir keppendur frá Ísafirði hafa tekið þátt í þessum mótum í vetur, þeir Hjálmar Björnsson og Kristinn Arnarsson. Hjálmar byrjaði veturinn í meistaraflokki en féll naumlega niður í 1. flokk eftir tvö fyrstu mótin. Næstu tvö mót þar á eftir sigraði Hjálmar í 1. flokki og hefur því unnið sér sæti í meistaraflokki á nýjan leik. Kristinn hóf keppni í 1. flokki og komst einnig upp í meistaraflokk eftir tvö síðustu mót, en þar hafnaði hann í öðru og þriðja sæti.

Tvö punktamót eru enn eftir auk Íslandsmótsins sem haldið verður í vor.

Ísafjörður

Gáfu 500 þúsund

Forráðamenn skíðasvæðisins á Seljalandsdal efndu til kaffiveislu á laugardag þar sem þeim aðilum sem unnu að vegalagningu og gerð bílastæðis á svæðinu voru þökkuð vel unnin störf.

Þá var þeim hjónum Sigríði Brynjólfsdóttur og Ásgeiri Guðbjartssyni færðar sérstakar þakkir fyrir 500 þúsund króna gjöf sem þau létu af hendi til framkvæmda á svæðinu.

Ársskýrsla Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar fyrir árið 1997

Fjórtán útköll á síðasta ári

Slökkviliðsmenn að störfum við Holtabrún 6 í Bolungarvík undir lok mars á síðasta ári.



Það logaði glatt í húsinu við Strandgötu 17 í Hnífsdal 22. nóvember sl., en þá kveikti slökkviliðið í húsinu eftir að hafa haft það til æfinga um nokkurt skeið.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar var kallað út fjórtán sinnum á síðasta ári og reyndist í flestum tilfellum um lítið tjón að ræða. Flest voru útköllin í mars eða fjögur, þrjú útköll voru í maí og tvö í júlí og ágúst. Þá var slökkviliðið kallað út einu sinni í janúar, júní og nóvember.

Ef litið er nánar á brunaútköll slökkviliðsins kemur í ljós að fyrsta útkall ársins var aðfaranótt nýársdags. Þá var slökkviliðið kallað út að fjölbýlishúsinu við Túngötu 18 á Ísafirði en þar hafði flugeldur komist inn í húsið. Aðfaranótt 8. mars var slökkviliðið kallað að verbúð á Suðureyri en þar hafði kviknað út frá vindlingi. Nokkrar skemmdir urðu á verbúðinni. Tíu dögum síðar var slökkviliðið kallað að Hnífsdalsvegi 27 á Ísafirði, í vélsmiðju Þrastar Marsellíussonar en þar hafði kviknað út frá rafsuðutæki. Mun sá bruni vera sá stærsti sem slökkvilið Ísafjarðarbæjar þurfti að kljást við í sínu umdæmi á árinu.

Tólf dögum síðar, eða kl. 06:50 að morgni 30. mars var kallað eftir aðstoð slökkviliðs Ísafjarðarbæjar vegna eldsvoða í einbýlishúsinu að Holtabrún 6 í Bolungarvík en þar er talið að hafi kviknað í út frá sjónvarpi. Bruninn í Bolungarvík var sá stærsti á norðanverðum Vestfjörðum á síðasta ári, en þar brann allt sem gat brunnið. Klukkan 21:10 sama dag var slökkviliðið kallað að bænum Hóli í Önundarfirði en þar hafði barn verið að leika sér með eld. 20. maí var slökkviliðið kallað út vegna sinubruna í Stórholti á Ísafirði og 23. maí komu tvö útköll vegna reyklosunar, annars vegar að Fjarðarstræti 7 á Ísafirði og hins vegar í Félagsheimilinu í Hnífsdal.

Þann 22. júní var slökkviliðið kallað að Heimabæ í Hnífsdal en þar höfðu börn verið að leik með eld. 6. júlí komu tvö útköll, annars vegar vegna elds í ruslageymslu við Túngötu 13 á Ísafirði og hins vegar vegna elds í sjónvarpstæki að Fjarðarstræti 38. 10. ágúst kl. 06:25 var slökkviliðið kallað í annað sinn að verbúð á Suðureyri en þar hafði verið kveikt í einu herbergi verbúðarinnar. Sex dögum síðar kom upp eldur í bifreið sem stóð við Engjaveg og þann 22. nóvember slökkti slökkviliðið í Strandgötu 17 í Hnífsdal, en það hús hafði verið notað til æfinga fyrir liðið.

Þá barst slökkviliðinu átta útkallsbeiðnir á síðasta ári vegna eldvarnarkerfa og annarrar aðstoðar. Starfsmenn slökkviliðsins fóru í 207 sjúkraútköll á síðasta ári. 21 þeirra voru vegna þjónustu við Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði, 32 vegna flutnings sjúklinga frá FSÍ að flugvelli, 20 vegna íbúa á Hlíf, íbúðum aldraðra og 58 í heimahús á Ísafirði. Þá voru 16 sjúkraflutningar til Flateyrar, 11 til Suðureyrar, 8 til Súðavíkur og Ísafjarðardjúps og 41 útkall var vegna slysa eða neyðarflutninga.

Kveikt var í verbúð á Suðureyri í ágúst á síðasta ári.

HELGAR PAKKI
til Reykjavíkur

Gisting í tvær nætur frá kr 10.630.-

Ef þú getur ekki nýtt þér lægsta flugverðið okkar kr. 7.230.- fyrir báðar leiðir, átt þú rétt á vildarpunktum Flugleiða

ÍSLANDSFLUG
gerir fleirum fært að fljúga

Einar Valur Guðmundsson með Gunnvöru í borðsalnum á Stefni.

Sjálfskipaður „vaktmaður"

Laumufarþegi um borð í togaranum Stefni ÍS

Laumufarþegi fannst um borð í togaranum Stefni ÍS í fyrstu veiðiferðinni eftir sjómannaverkfall. Laumufarþeginn, sem dvaldi ofan þilja fyrstu daga veiðiferðarinnar, sást nokkrum sinnum forða sér undan skarkala og látum í veðri og veiðarfærum og náðist að lokum. Reyndist hann vera þriggja mánaða gamall kettlingur, sem að sögn Einars Vals Guðmundssonar skipverja á Stefni, hefur trúlega gerst sjálfskipaður „vaktmaður" í sjómannaverkfallinu.

Að sögn Einars Vals var kisa horuð, slöpp og grútskítug þegar yfirvélstjóri Stefnis náði að handsama hana. Skipverjar tóku strax við að hlúa að kettlingnum, fita hann og koma honum í jafnvægi. Braggaðist kettlingurinn fljótt og var fluttur nýþveginn af gjörgæslu inn í borðsal þar sem útbúin var aðstaða fyrir hann.

Einar Valur sagði að við skyndiskoðun hefði kettlingurinn verið talinn steggur og því hefði honum verið gefið nafnið Stefnir. Undir lok veiðiferðarinnar kom hins vegar í ljós að kettlingurinn hefði verið kyngreindur rangt og því hefði hann verið skírður á ný og gefið nafnið Gunnvör, sem er sama nafn og útgerðarfyrirtæki skipsins ber. Einar Valur sagði að þar sem ákveðið hefði verið að laumufarþeginn færi ekki aðra veiðiferð, vantaði „kettling með sögu" gott heimili til að búa á í framtíðinni. Þeim sem áhuga hafa á að eignast kettlinginn, sem er svartur að lit og í hvítum „skóm" á öllum fótum, er bent á að hafa samband við Einar Val í síma 456 4428 eða koma við að Hlíðarvegi 26 á Ísafirði.

Ágúst Oddsson læknir og fyrrverandi

Ágúst mætt

Já, Kristinn, ég er mættur en ætla ekki að staldra lengi við. Má vera að einhver verði til að halda leiknum áfram við þig, einhver sem hefur eins og mér ofboðið málflutningur þinn.

Sjálfur get ég hugsað mér að fást við uppbyggilegri hluti en vil þó áður en ég yfirgef sandkassann þinn senda þér eftirfarandi grein.

Úr Morgunblaðinu

Það er greinilegt af tilvitnun þinni í síðasta tölublaði BB að þú lest Morgunblaðið þér til hugarhægðar og heldur jafnvel til haga gömlum eintökum. Ég er líka haldinn þessari söfnunaráráttu svo það er ekki leiðum að líkjast. Það væri þó ekki úr vegi að hafa hlutina í betra samhengi næst þegar þú grípur skærin og klippir það út sem þér hugnast best. Því er rétt að klippa út svolítið stærri bita en þú gerðir og þá lítur tilvitnunin úr grein minni í Mbl. þann 23.apríl 1994 svona út;

„Við höfum því í bæjarstjórn Bolungarvíkur staðfastlega gefið það til kynna við stjórn Ósvarar að hún verði að hugsa um að halda kvótanum hvað sem það kostar. Hún verði fyrst og fremst að

Ágúst Oddsson.

hugsa um að reksturinn standi undir þeim skuldbindingum sem útgerðarfyrirtækið hafi gert. *Bæjarsjóður og hinn almenni borgari er búinn að leggja miljónatugi í útgerðarfyrirtækið, sem myndu glatast ef fyrirtækið yrði gjaldþrota. Ekki væru þá til fjármunir í bænum til að kaupa nýjan kvóta eða ný skip og byggðin hér í hættu sem aldrei fyrr.*" (það er skáletrað sem þingmaðurinn sleppti úr tilvitnuninni í Mbl.).

Hér er á ferðinni ágætt dæmi um að auðvelt er gera menn tortryggilega með því að slíta texta úr greinarskrifum þeirra úr samhengi. Læra menn svona vinnubrögð á hinu háa Alþingi? Það var álit meirihluta bæjarstjórnar Bolungarvíkur, á þeim tíma er sala hlutabréfa bæjarstjórnar í Ósvör fór fram, að staða Ósvarar væri orðin svo alvarleg að óverjandi væri að halda óbreyttum rekstri áfram. Bæjarsjóður og hinn almenni borgari átti einfaldlega of mikið undir í þessu máli.

Heimaafl

Það er rétt að Heimaafl keypti allt óselt hlutafé í Ósvör og „greiddi" með skuldabréfi að upphæð kr.15 milljónir sem ýmsir aðilar skrifuðu sig fyrir. Heldur þingmaðurinn virkilega að það fé hefði getað orðið félaginu til bjargar þó að það hefði allt skilað sér?

Heimaafl var ekki stofnað til að bjarga bágri fjárhagsstöðu Ósvarar. Heimaafl var stofnað til að hnekkja meirihlutaákvörðun bæjarstjórnar Bolungarvíkur um sölu á hlutabréfum bæjarins í Ósvör og tryggja í leiðinni ákveðnum aðilum yfirráð yfir fyrirtækinu. Þetta hefði getað tekist hefðu ekki Bolvíkingar, sem voru á annarri skoðun en Heimaaflsmenn, varið gerðir bæjarstjórnar í verki.

Varðandi ummæli stjórnarmanna

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • 456 4547

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Brautarholt 9: 140m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 11.000.000,-
Fjarðarstræti 33: 176,5m² einbýlishús á tveimur hæðum. Góður garður. Verð: 8,500,000,-
Góuholt 1: 142m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 11,600.000,-
Góuholt 3: 140,7m² einbýlishús á einni hæð ´samt bílskúr. Verð: 12,000,000,-
Hafraholt 10: 144,4m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt 22,4m² bílskúr. Verð: 9,300,000,-
Hafraholt 44: 154,4m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 13,500,000,-
Hlíðarvegur 43: 186m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 9.400.000,-
Hlíðarvegur 48: 146,4m² einbýlishús á þremur pöllum, mjög fallegt útsýni. Verð: 6.500.000,-
Hrannargata 4: 257,6m² einbýlishús á þremur hæðum ásamt geymslulofti, kjallara og bílskúr. Skipti möguleg. Tilboð.
Kjarrholt 2: 173,6m² einbýlishús á einni hæð ásamt góðum tvöföldum bílskúr. Verð: 13,200,000,-
Lyngholt 8: 138m² einbýlishús á einni hæð ásamt 31m² bílskúr. Nýtt parkett ný málað. Skipti á eign í Hafnarfirði. Verð: 10.800.000,-
Móholt 9: 152,4 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Laust 1. mars ´98. Skipti möguleg. Verð: 11.900.000,-

Hafraholt 22: 144,4m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt 22,4m² bílskúr. Verð: 9,500,000,-

Seljalandsvegur 20: 161,2m² 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíb. húsi ásamt bílskúr. Íbúðin mikið uppgerð. Verð: 10,700,000.-

Seljalandsvegur 4: 276m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 13,500,000,-
Seljalandsvegur 84a: 85m² einbýlishús á einni hæð. Endurbyggt 1993. Verð: 6,900,000,-
Silfurgata 9: 150m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt geymslu, kjallara og skúr. Laus fljótlega. Verð: 7,200,000,-
Sólgata 7: 100m² einbýlishús endurnýjað að hluta. Barnavænn garður. Kjallari ca. 50m². Verð: 7.000.000,-
Sunnuholt 6: 231,7m² rúmgott einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 13,500,000,-
Tangagata 6a: 99,7m² einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er laust. Öll tilboö skoðuð. Verð: 6,800,000.-
Tangagata 15b: 103m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt geymsluskúr (nýtist sem herbergi). Laust fljótl. Verð: 6,200,000,-
Urðarvegur 13: 85m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Verð: 5.500.000,-
Urðarvegur 26: 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Tilboð óskast.
Urðarvegur 27: 190,5m² einbýlish. á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Stór sólpallur og ræktuð lóð. Tilboð.
Urðarvegur 58: 209m² raðhús á 3 pöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Góð kjör. Verð: 11.900.000,-

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 15: 140m² 5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 8,500.000-
Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-
Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikið uppgerð. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 5.500.000,-
Eyrargata 3: 100m² 4ra herb. íbúð á 2. hæð í þríb.húsi ásamt helm. bílskúrs. Skipti á eign í Reykjavík. Verð: 8,300.000,-
Fjarðarstræti 4: 120m² 4ra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi. Skipti á minni eign á Eyrinni möguleg. Verð: 6.500.000,
Fjarðarstræti 6: 122m² 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.500.000,-
Hafnarstræti 6: 158m² 6 herbergja íbúð á 3ju hæð í fjölbýli auk 2ja herbergja í risi. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 7.500.000,-
Hjallavegur 8: 128,5m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Íbúðin er laus 1. janúar 1998. Verð: 6.900.000,-
Hjallavegur 12: 113,9m² 3-4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 5.500.000,-
Pólgata 5a: 121m² 4ra herb. íbúð á n.h. í þríb. húsi ásamt helmingi kjallara. Nýlega uppgerð, bílskúr. Verð: 5,900.000-
Pólgata 5a: 127,7m² 5 herb. íbúð á e.h. í þríb.húsi ásamt helmingi kjallara. Verð: 6,000.000,-
Stórholt 11: 103m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílgeymslu. Íbúðin er laus. Verð: 7.800.000,-
Túngata 12: 99m² 4ra herbergja íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti möguleg. Verð:7.900.000,-
Túngata 18: 89,2m² 4ra herbergja íbúð í góðu standi á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. Húsið allt uppgert. Möguleg skipti á minni eign. Verð: 6,900,000,-
Urðarvegur 25: 154,6m² 5-6 herbergja íbúð í tvib.húsi ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Tilboð.

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 15: 98,6m² íbúð á tveimur hæðum í fjórb.húsi. Húsið er nýmálað og nýtt þak. Verð: 4,500.000,-
Brunngata 12a: 68m² íbúð á efri hæð, að hluta undir risi, í tvíb.húsi ásamt sér geymslu. Verð: 3,000.000,-
Seljalandsvegur 67: 107m² íbúð á neðri hæð í tvíb.húsi. Verð: 6,000,000,-
Sólgata 8: 80m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi. Verð: 6,000.000,-
Stórholt 7: 76m² íbúð á þriðju hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5,300,000,-
Stórholt 7: 74,6m² íbúð á fyrstu hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4,800,000,-
Stórholt 13: 79,2m² íbúð á 3. hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu á jarðhæð. Verð: 6,000.000,-
Túngata 20: 74,9m² íbúð á 1. hæð í uppgerðu fjölb.húsi. Íbúðin er öll uppgerð. Verð: 6,700,000,-
Túngata 21: 84,9m² íbúð á 1. hæð í þríb.húsi ásamt tvöföldum bílskúr. Verð: 6,500,000,-
Urðarvegur 78: 97,8m² íbúð í mjög góðu standi á 3. hæð t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 6,900.000.-
Urðarvegur 78: 99,1m² íbúð í mjög góðu standi á 2. hæð t.v. í fjölb.húsi ásamt sér geymslu. Verð: 6,800.000.-
Urðarvegur 80: 82m² íbúð á jarðh. í fjölb.húsi ásamt sér geymslu. Verð: 6,000,000,-

2ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 24: 70m² tvær nýjar 2ja herbergja íbúðir í smíðum. Tilbúnar eftir páska. Verð: 6,500,000,-
Grundargata 2: 50,5m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 3.800.000,-
Túngata 20: 53,4m² íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi í góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan. Verð: 5.400.000,-
Túngata 20: 53,4m² íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi í góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan4,500,000,-
Urðarvegur 78: 73,2m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu . Verð: 5,400.000,-
Hlíf II: 62,5m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6,600,000,-

Smiðjugata 9: 95m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 5,900,000,-

forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur svarar skrifum Kristins H. Gunnarssonar

tur - Kristinn hættur!?

Ég vil benda þingmanninum á sem áhugsömum lesanda Morgunblaðsins að lesa aftur grein sem ég skrifaði þann 16.mars 1996 um Ósvararmálið. Þá þegar koma fram efasemdir mínar um hvað hafi í raun gerst á títtnefndum stjórnarfundi Ósvarar þann 24.janúar 1995.

Þessi grein er rituð áður en dómurinn fellur þann 12.apríl 1996 og niðurstaða hans breytir í engu skoðun minni á málinu í heild. Í grein minni 16.mars 1996 kemur m.a. eftirfarandi fram; ,,Mikilvægur fundur virðist hafa verið haldinn í stjóm Ósvarar þann 24.janúar 1995 ef marka má frásögn fjölmiðla. Þar á að hafa verið rætt um og jafnvel tekin ákvörðun um sölu á 30 milljóna virði af leigukvóta þó ekkert slíkt sé bókað í fundargerð. Þetta er hugsanlega öllum að meinalausu þangað til að málið er skoðað frá þeirri hlið að bæjarstjórn Bolungarvíkur var á þessum tíma að reyna að selja hlutabréf sín í Ósvör hf.

Engin vitneskja barst um þessa umræðu eða ,,ákvörðun"til bæjarstjórnar, hvorki formlega né þá óformlega í gegnum bæjarfulltrúa okkar, sem þó sátu í stjórn Ósvarar á þessum tíma, þeim Ólafi Kristjánssyni og Valdimar Guðmundssyni. Þeim hefði þó mátt vera ljóst að sala á kvóta í slíku magni gæti rýrt söluhæfni hlutabréfa bæjarsjóðs þar sem fyrir lá vilji meirihluta bæjarstjórnar til að selja hlutabréfin."

Síðar í greininni stendur; ,, Í þrígang 4/3, 10/3 og síðast 11/4 beindi bæjarráð Bolungarvíkur því með formlegum hætti til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra Ósvarar hf. að ekki væru" teknar neinar meiriháttar ákvarðanir varðandi meðferð eigna félagsins eða stofnað til skulda, meðferðar veiðiheimilda, ráðstöfun hlutafjár í félaginu eða gerð varanlegra viðskiptasamninga".

Það verður að teljast í hæsta máta sérkennilegt að kjörnir bæjarfulltrúar í bæjarstjórn Bolungarvíkur, verandi jafnframt í stjórn Ósvarar, ræði um og jafnvel ,,samþykki" á stjórnarfundi 24.janúar 1995 að heimila framkvæmdastjóra fyrirtækisins að selja leigukvóta fyrir 30 milljónir og síðan stuttu seinna samþykkja eða sitja hjá án athugasemda á bæjarráðsfundum, þegar verið er að afgreiða ofangreind tilmæli til stjórnar og framkvæmdastjóra Ósvarar. Það er einnig umhugsunarvert að aldrei bárust nein mótmæli frá hvorki stjórnarmönnum né framkvæmdastjóra við bókunum bæjarráðs. Slík mótmæli hefðu þó átt að koma fram ef þegar hefði verið búið að ráðstafa kvóta fyrir 30 milljónir en afhending leigukvótans ætti að fara fram á þeim tíma sem tilmæli bæjarráðs giltu um aðhaldsemi í fjármálum og meðferð veiðiheimilda!?

Sala leigukvóta á vafasömum pappírum í þvílíku magni sem raun bar vitni og á þessum tíma við þessar aðstæður, hlýtur að hafa gefið stjórnarmönnum Ósvarar og framkvæmdastjóra tilefni til að staldra við og skoða málin upp á nýtt. Ekkert slíkt gerðist. Hér er eitthvað á ferðinni sem ekki stenst rökræna hugsun.

Meinsæriskenningin

Ég er nú ekki eins amerí-kaniseraður og þingmaðurinn að kalla framburð einstakra manna meinsæri þó að öllum málsaðilum beri ekki saman fyrir dómi. Þau væru þá mörg meinsærin sem framin væru hér á landi í mánuði hverjum. Það sem sagt er fyrir dómi verður hver að bera ábyrgð á sjálfur. Þegar dómurinn var birtur varð aftur á móti ljóst að tveir bæjarfulltrúar, sem jafnframt voru stjórnarmenn í Ósvör, höfðu fyrir rétti sagt gerólíka sögu af því hvað hafði gerst í raun og veru á margumræddum stjórnarfundi 24.janúar 1995. Þessi staða mála leiddi af sér umræður í bæjarstjórn vorið 1996.

Niðurstaða þeirrar umræðu sannfærðu mig enn frekar en áður um að Ólafur Kristjánsson hafi ekki farið með rangt mál fyrir dómi eins og þingmaðurinn hefur þráfaldlega ásakað hann um. Fyrri orð mín í þessu máli standa því óhögguð.

Málaferlin

Það skiptir trúlega þingmanninn engu máli hversu mörg skjöl eða bréf verða birt opinberlega því til staðfestingar að bæjarstjórn var einungis að gæta hagsmuna sinna varðandi fölsun á undirritun bæjarstjóra og annar málarekstur sé henni óviðkomandi. Séu menn haldnir þráhyggju verður henni ekki breytt með rökum, þar þarf eitthvað annað að koma til. Það er þó ekki hægt að horfa aðgerðarlaus á setningar í opinberum fjölmiðli úr hendi þingmanns sem þessa:

,,Það sem sakfellt var fyrir var að við nokkrar færslur á umræddu aflamarki var þess ekki gætt að afla undirskrifta Verkalýðsfélagsins. Þess lætur Ágúst ógetið enda greinilega mjög í mun að sannfæra lesendur um að glæpur hafi verið framinn gagnvart bænum sem réttlætt geti það athæfi hans og fleiri að hrinda af stað málarekstri sem í raun skilaði engu nema ef vera skyldi að svala hefndarþorsta óbilgjarna."

Það er rétt hjá þingmanninum að Verkalýðsfélag Bolungarvíkur óskaði aldrei eftir opinberri rannsókn á fölsun undirritunar varaformanns síns á umræddum umsóknum til Fiskistofu sem er sérkennilegt. Það að Verkalýðsfélagið geri minna úr undirritun sinna manna á opinber skjöl en við gerum í bæjarstjórn er ekki okkar vandamál heldur höfuðverkur þeirra sjálfra. Að ég sé hefndarþyrstur og óbilgjarn verð ég að láta öðrum eftir að dæma sem þekkja mig betur en ég tel þingmanninn gera. En því fer fjarri að ,,ekki hafi verið gætt að afla undirskrifta Verkalýðsfélagsins" eins og þingmaðurinn vill láta í veðri vaka. Undirritun varaformanns Verkalýðsfélags Bolungarvíkur var á umsóknunum til Fiskistofu, undirritunin var einfaldlega fölsuð eins og undirritun bæjarstjóra.

Úr opinberum dómskjölum

Þar sem illa hefur gengið að fá þingmanninn til að horfast í augu við raunveruleikann er rétt að birta eftirfarandi texta sem er tekinn orðrétt úr dómabók Héraðsdóms Vestfjarða, mál nr.S-59/1995.

Frá Rannsóknarlögreglu ríkisins: ,,Í þágu rannsóknar málsins kannaði RLR hversu margar umsóknir um flutning aflamarks úr verstöð væru til á skrifstofum bæjarstjóra og sjómannafélagsins vegna fiskiveiðiársins 1994-1995. Eitt ljósrit umsóknar fannst á hvorum stað vegna flutnings á aflamarki frá Dagrúnu ÍS-9. Ljósritin báru hvorugt með sér hver viðtakandi aflamarks væri, en inn á þau bæði var færð talan 200 í dálk fyrir kvótafærslu á grálúðu. Hvorugt ljósritanna var dagsett eða að öðru leyti útfyllt af hálfu fyrirsvarsmanna Ósvarar.

Eintakið í vörslum bæjarstjóra var undirritað um samþykki af hans hálfu, *en eintak sjómannafélagsins bar með sér, að auk bæjarstjóra hefði Kristín H. Karvelsdóttir samþykkt flutning umrædds kvóta úr verstöðinni. Niðurstaða skjalarannsóknar RLR var sú, að um ljósrit af sama umsóknareyðublaði væri að ræða og að frumriti þess hefði verið breytt með leiðréttingarlakki eða öðru áþekku og síðan notað við gerð fyrrgreindra umsókna, dagsettra 13.janúar 1995, 28.mars 1995 og 6.apríl 1995.*" (leturbreyting er höfundar).

Niðurstaða dómsins varð sú að einstaklingur var sakfelldur fyrir skjalafals. Eða eins og segir orðrétt í dómsskjölum; ,,Við ákvörðun refsingar ber annars vegar að líta til þess að ákærði falsaði þrívegis opinber skjöl. Á hinn bóginn þykir mega horfa til þess að brot ákærða voru ekki framin í hagnaðarskyni, svo og þess að hann hefur ekki áður gerst brotlegur við hegningarlög."

Ég hef því miður ekki sömu þekkingu á dómskerfinu og þingmaðurinn telur sig hafa til að meta hvort að refsingar manna séu litlar eða miklar. Það sem skiptir máli hér er að bæjarstjórn óskaði eftir opinberri rannsókn á meintu skjalafalsi, sá verknaður var staðfestur og gerandinn fékk sinn dóm. Hvort að hann var vægur eða eitthvað annað er mér óviðkomandi og verður þingmaðurinn að velta sér upp úr þeim ósmekklegu heimspekilegu hugleiðingum einn og óstuddur.

Flóttinn úr bæjarstjórn

Sú staðhæfing þingmannsins að ég hafi flúið úr bæjarstjórn Bolungarvíkur undan reiði kjósenda finnst mér mjög skemmtileg og áhugaverð hugarsmíð. Sannleikurinn er nú annar, eins og svo oft áður þegar þingmaðurinn á í hlut, en hann er að ég var bæjarfulltrúi í Bolungarvík allt þar til ég flutti til Borgarness 1.nóvember 1996.

Að ég hafi ekki tekið upp þráðinn aftur er ég flutti vestur kemur til af því að gerður var við mig staðarsamningur sem lækni er bærinn gekk í ábyrgð fyrir svo að læknisþjónusta yrði tryggð. Vegna þessa þótti mér ekki við hæfi að vera beggja vegna borðsins og baðst undan því að taka við stöðu minni sem bæjarfulltrúi. Svona er nú þetta mál eins og svo ótalmarg annað sem þingmaðurinn tínir til persónu minni til hnjóðs.

Málefnaleg umræða

Ég hefði kosið málefnalegri umræðu en þingmaðurinn hefur boðið upp á hingað til um jafn mikilvæg mál og Ósvararmálið var á sínum tíma og afleiðingar þess fyrir bæjarfélagið. Öll orka hans hefur farið í að gera meirihluta bæjarstjórnar tortryggilega, væna hana um siðleysi og að hún níði skóna af samborgurum sínum.

Mér hefur orðið lítið ágengt, þrátt fyrir greinaskrif og birtingu bréfs lögmanns bæjarsjóðs, að leiðrétta þennan ,,misskilning". Að birting úrdráttar úr opinberum dómi breyti þessu er kanski borin von en lengi má reyna til að hrekja ósannindi og leiða sannleikann í ljós.

Illt umtal eða hól?

Eftir að ég fór að átta mig á hvern mann Kristinn Gunnarsson hefur að geyma hefur mér smám saman lærst að líta á illt umtal hans í minn garð sem hól. Ég mun gera svo um ókomna tíð enda hefur hann ekkert gert, sagt eða ritað sem gefur tilefni til annars.

Ég vil þó að lokum enn og aftur beina þeim sjálfsögðu tilmælum til hans sem þingmanns að láta nú af þessari niðurrifsstefnu gegn sínu eigin bæjarfélagi og snúa sér að verðugari verkefnum Vestfirðingum til heilla. Það yrði honum til meiri sóma heldur en að níða skóinn af forsvarsmönnum heimabyggðar sinnar og strá salti í sár þeirra sem eiga um sárt að binda eftir Ósvararmálið með óvarkárri og óvandaðri umfjöllun um málið.

-Ágúst Oddsson læknir og fyrrv. forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur.

Bjarmi BA 326 í Ísafjarðarhöfn.

Flateyri

Bjarmi á dragnót

Í síðustu viku kom Bjarmi BA (áður Jóhannes Ívar) til hafnar á Ísafirði eftir gagngerðar breytingar.

Bjarmi, sem er í eigu Básafells hf., og Tálkna ehf., á Tálknafirði verður gerður út á dragnótaveiðar og mun hann leggja upp á Flateyri. Skipstjóri á Bjarma er Níels Á. Ársælsson.

Spænskur Ísfirðin á förum til Noregs

Miguel Rodriguez Algarra, eða Mikael eins og hann heitir eftir að hann fékk íslenskan ríkisborgararétt, er Spánverji eins og nafnið bendir til. Og ekki bara nafnið, heldur einnig útlitið, því að hann er dökkur yfirlitum, dökkbrýndur og snaggaralegur. Að hans eigin sögn er þó ekki bara útlitið komið úr suðrinu heita, heldur einnig skaplyndið, sem er nokkru heitara en almennt gerist hjá hinum köldu og þungu Íslendingum.

Núna hefur Spánverjinn Mikael verið Íslendingur og meira að segja Ísfirðingur nokkuð á þriðja áratug. En nú er hann senn að flytjast héðan aftur, alfarinn með alla fjölskylduna. Lengst af stundaði hann sjó á togurum hér vestra, en síðasta árið hefur hann rekið Leikjaheima við Mánagötuna á Ísafirði, þar sem eru tölvuleiktæki, sjoppa og nú síðast einnig myndbandaleiga.

Mikael er frá heitasta hluta Spánar, upprunninn í borginni Almeria á Miðjarðarhafsströnd Suður-Spánar, sem er nokkru austan við Malaga og Costa del Sol. Og það var einmitt suður á Spáni sem hann kynntist konunni sinni, Guðbjörgu Överby frá Ísafirði, fyrir hálfum þriðja áratug eða árið 1973. Þau voru þá bæði að vinna þar við gerð auglýsingar fyrir breska sjónvarpið. Á þeim tíma var Mikael í háskóla á Norður-Spáni en var yfir sumarið í vinnu við gerð kvikmynda og auglýsinga. Mikael fluttist svo til Íslands tveimur og hálfu ári seinna og kom til landsins rétt fyrir jólin 1975, tuttugu og tveggja ára að aldri, daginn eftir að hann lauk herskyldunni í sínu heimalandi. Guðbjörg var þá hér heima á Ísafirði, ólétt að fyrsta barni þeirra. Börnin urðu fjögur, tveir synir og tvær dætur. Guðbjörg er norsk í föðurætt og fædd í Noregi en fluttist til Íslands þegar hún var þriggja ára. Nú er hún í Noregi og hefur dvalist þar undanfarna tíu mánuði og hyggst búa þar framvegis.

Í teygjustökksrekstur á Spáni með Einari Ólafssyni

Í haust ætlar Mikael að flytjast til Noregs og setjast þar að með fjölskyldu sinni, en á næstunni er hann á förum til Spánar og ætlar að vera þar þangað til. Þar hyggst hann dveljast í sumar og aðstoða Einar Ólafsson, hinn gamalkunna skíðagöngumann frá Ísafirði, við að koma af stað teygjustökksrekstri í grennd við Malaga. „Hann hafði samband við mig af því að ég er Spánverji og þekki þama til. Hann á allar græjur til þess“, segir Mikael. „Undirbúningurinn er þegar kominn í gang og ég er svolítið að liðsinna honum. Á þessu svæði er mikið um erlenda ferðamenn og sjálfsagt margir sem vilja prófa þetta. Það má vel vera að þetta geti gengið upp.“

Tveir þumalputtar á hvorri hendi

– Hvernig var að koma til Íslands eftir að hafa alist upp á suðrænni sólarströnd og hvað vissir þú um Ísland?

„Ég vissi eiginlega ekkert! Það var í rauninni martröð þegar ég kom hingað fyrst. Ég kom til landsins á Þorláksmessu, 23. desember. Á leiðinni frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur sá maður engin ljós, engin tré, ekkert nema hvítt. Þá var mjög harður vetur og mikill snjór. Ég var mikið að spá í að snúa við! En ég bjóst við að landið væri frumstæðara en það reyndist vera, ef til vill líkara Grænlandi. Daginn eftir kom ég svo til Ísafjarðar. Þar sá maður eiginlega ekkert heldur, því að það var svo mikill snjór. Ég var alls ekki útbúinn fyrir svona mikinn snjó, bara í mokkasínum. Við heimsóttum tengdamömmu og hún lét mig hafa ullarsokka því að mér var svo kalt á fótunum. Hún lánaði mér líka ullarvettlinga með tveimur þumlum. Ég skildi ekki hvers konar vettlingar það voru eiginlega.“

– Þú hefur e.t.v. haldið að Íslendingar væru yfirleitt með tvo þumalfingur á hvorri hendi...

„Mér fannst þetta mjög skrítið. Ég man að sama kvöldið og ég kom vestur fékk konan lánaðan gamlan Skoda sem Ásgeir bróðir hennar átti, til að sýna mér bæinn, en maður sá ekki neitt nema snjó.“

Tólf ár á Páli Pálssyni

Fyrst vann Mikael í Hraðfrystihúsinu í Hnífsdal og svo smátíma í Rækjustöðinni á Ísafirði. Síðan fór hann á sjó á Páli Pálssyni og var á honum í tólf ár. „Eftir það fórum við til Spánar í eitt eða tvö ár, en það gekk ekki vel, svo að við komum aftur heim. Ég fór aftur til sjós og þá á Guðbjarti og var þar í fjögur ár og síðan var ég á Stefni í önnur fjögur ár.“

– Fyrir utan veturinn og snjóinn – hvað er helst ólíkt með Íslandi og þínum heimaslóðum? Er það ef til vill fólkið?

„Það er allt ólíkt hér og heima á Spáni, á öllum sviðum. Spánverji sem hafði búið á Íslandi sagði mér að mesti munurinn sem hann sæi á Íslendingum og Spánverjum væri sá, að Íslendingarnir fengju sér fyrst í glas og færu síðan að tala saman, en Spánverjar byrjuðu á því að tala saman og fengju sér svo í glas. Þetta reyndist rétt. Og það er ekki bara þetta sem er ólíkt, heldur allt. Matarsiðirnir eru ólíkir, þó að það sé minna í dag en áður var. Mér fannst líka sérstakt hvað Íslendingar unnu mikið, alveg sama hvað þeir voru ungir. Það var undarlegt að sjá þrettán til fjórtán ára krakka vera að bera fiskikassa í hörkufrosti. Slíka vinnuhörku sá maður ekki á Spáni. Fyrstu árin mín hérna voru mjög erfið. Maður skildi ekki neitt.“

Íslenskan erfið

– Fannst þér fólk taka sérstaklega eftir því hérna á Ísafirði að það væri kominn Suðurlandabúi í bæinn?

„Já, fólk tók eftir því. En vissulega voru útlendingar hér fyrir þegar ég kom, þar á meðal fólk af arabískum uppruna, sem býr núna í Svíþjóð og ég hef ennþá samband við. Það var fyrsta fólkið sem ég gat farið að tala eitthvað við. Einn þeirra talaði svolitla spænsku. Tungumálið var alveg ferlegt fyrir mig. Ég held að maður þurfi að vera Íslendingur til að geta lært íslensku almennilega! Þetta var mjög erfitt.“

Það voru engir Spánverjar á Ísafirði fyrir Mikael að tala við. „Það var fyrir 12-14 árum sem ég kynntist hér fyrsta Spánverjanum. Það var líffræðingur sem starfaði hjá Hafró í Reykjavík og fór með okkur í rannsóknaleiðangur á Páli Pálssyni.“

– Var ekki líka erfitt fyrir þig að vera í öllum veðrum á togara norður í Íshafi?

„Nei, ég var fljótur að venjast bæði vinnunni og kuldanum. Annars hefði ég ekki verið svona lengi á sjónum. Mér leið mjög vel þar og kynntist mörgu góðu fólki í sjómennskunni.“

– Er góður mórall á togurunum?

„Yfirleitt mjög góður mórall. Auðvitað koma alltaf öðru hverju upp einhverjir hlutir sem fara í skapið á mönnum. Ég hef mitt spænska skap, fljótur að springa en líka fljótur að gleyma. Íslendingar springa seinna en gleyma líka seint eða aldrei. En minningar mínar af sjónum eru góðar.“

Stór fjölskylda á Spáni

Ættarnöfn Mikaels eru tvö að spænskum hætti, hið fyrra frá föðurnum og hið síðara frá móðurinni. Hann á stóra fjölskyldu úti á Spáni og margt af hans fólki hefur komið í heimsókn til Ísafjarðar. Systkinin eru sex, fjórir bræður og tvær systur og móðir á lífi, en faðirinn lést fyrir nokkrum árum. Elsti bróðirinn er lungnasérfræðingur í Sevilla og annar bróðir er líka læknir. Mikael er sá þriðji í röðinni af systkinunum. Hann byrjaði nám í verkfræði í Burgos á Norður-Spáni og stundaði það í tvo vetur. Segja má að hann hafi löngum farið aðrar leiðir í lífinu en foreldrar hans og fjölskylda á Spáni ætlaðist til.

Búið dæmi fyrir verkafólk og sjómenn á Íslandi

Miguel ætlar mjög fljótlega út til Spánar en ætlar fyrst að reyna að selja reksturinn á Ísafirði. Húsið hefur ekki selst ennþá og verður þess vegna væntanlega í leigu um einhvern tíma. „Ég ætla bara að vera í sumar á Spáni og fer svo að líkindum til Noregs í haust og sest þar að. Konan hefur haft það ágætt þar, er í góðri vinnu og líður vel í Noregi. Það er alveg búið dæmi fyrir fólk að eiga heima á Íslandi, eins og farið hefur verið með verkafólkið og sjómennina. Ég man vel þegar ég kom hingað fyrst og var að vinna í Hnífsdal. Eftir aðeins tvær eða þrjár vikur fór ég og keypti ísskáp fyrir kaupið mitt. Og ég var ekki búinn að vera lengi til sjós þegar ég fór að byggja raðhús inni í firði. Ég held að þessa hluti sé ekki hægt að gera í dag, eins og kaupið er núna“, segir hann.

„Það var gott að vera á sjónum framan af, því að það fiskaðist svo mikið. Ég man að síðasta árið sem ég var á Páli Pálssyni fiskuðum við 5700 tonn. Þá var Guðjón Arnar Kristjánsson skipstjóri og Bernharð Överby mágur minn fyrsti stýrimaður. Eitt sinn lönduðum við fullfermi þrisvar sinnum í sömu vikunni. Þetta var mikil vinna og mjög lítið sofið, þegar komið var að landa eftir tveggja til þriggja daga veiðiferð og við byrjuðum á því að setja sjálfir í gáma. Fríin voru ákaflega lítil. Ég man að eitt sinn vorum við að koma rétt einu sinni með fullfermi á stuttum tíma, og þá varð að snúa skipinu til Færeyja og landa þar, því að það var ekki hægt að hafa undan að vinna aflann hér. Núna er sá draumur búinn að vera sjómaður á Íslandi. Ég held að Íslendingar hafi ekki kunnað að meta starf sjómannanna sinna að verðleikum.“

Mikael segir, að núna séu tekjumöguleikar sjómanna á borð við það sem áður var úr sögunni. Hann nefnir 5700 tonna ársafla á Páli Pálssyni fyrir mörgum árum. Núna veldur takmarkaður kvóti því að menn vita nokkurn veginn fyrirfram hvað þeir fá í laun yfir árið, þannig að nú er í raun og veru aðeins um fastakaup að ræða.

Rósin í vinstri hendi en ekki þeirri hægri eins og hér

– Ertu sósíalisti?

„Já. Ég er ekki kommúnisti, en ég er vinstri sósíalisti, alls ekki sósíalisti eins og sósíaldemókratarnir á Íslandi núna. Þetta eru í rauninni ekki neinir sósíalistar. Ég man þegar Freysi var að bjóða sig fram hér í Sjómannafélaginu, að ég átti barmmerki frá spænsku sósíalistunum og gaf honum það. Munurinn á merkjum spænskra og íslenskra sósíalista er sá, að á Spáni er rósin í vinstri hendi en á Íslandi í hægri hendinni. Það sýnir ef til vill í hnotskurn muninn á vinstri sósíalistunum á Spáni og þessum hægri sósíalistum á Íslandi.“

Addi Kitta Guj svolítið spænskur í lund

– Var gott að vera til sjós með Adda Kitta Guj?

„Já, það var mjög gott. Þeir voru báðir alveg frábærir skipstjórar, Addi og Benni Överby. Stundum átti Addi til að fjúka upp. Hann er svolítið líkur Spánverjum í skapi. Þetta stóð bara nokkrar mínútur hjá honum. Svo var það búið.“

Mikael kom alkominn í land um miðjan janúar fyrir rúmu ári og hefur rekið

ngur
s



Leikjaheima síðan. Ég spyr hvernig það hafi gengið.

„Byrjunin var mjög erfið og þetta gekk illa framan af, en hefur gengið mjög vel síðustu mánuðina eftir að myndbandaleigan bættist við.“

Framan af var Mikael með sjoppu og leikjatölvur og sal þar sem krakkar gátu komið saman og hlustað á músík. Einnig hefur hann selt leikjatölvur. Myndbandaleigan bættist við fyrir fáum mánuðum. „Og núna loksins þegar þetta er farið að ganga vel, þá er maður að selja og fara, af því að konan vill ekki koma aftur hingað til Ísafjarðar“, segir hann.

Nokkur þúsund barmmerki

Mikael safnar barmmerkjum. „Ég man vel þegar ég byrjaði fyrir átta árum. Ég var á ferðalagi í Búlgaríu og vinur minn sem er safnari hafði beðið mig um að kaupa þar merki fyrir sig. Ég keypti svo mikið af merkjum að ég hugsaði hvort ég ætti ekki bara að byrja sjálfur að safna. Það var upphafið hjá mér. Framan af safnaði ég merkjum alls staðar úr heiminum, en í seinni tíð hef ég aðeins safnað íslenskum merkjum. Hitt er allt of viðamikið og betra að einbeita sér að einhverju sérstöku.“ Merkin sem hann á eru núna á milli fjögur og fimm þúsund, þar af um tvö þúsund íslensk. „Það er mjög gott safn. Annars hef ég verið dálítið latari við þetta undanfarið. Áður skrifaði ég ótal félögum og fyrirtækjum til að fá merki, en núna hef ég gert minna af því.“

– Hvers heldurðu að þú saknir helst, þegar þú ferð alfarinn frá Ísafirði og Íslandi eftir öll þessi ár? Eða heldurðu að þú saknir nokkurs?

Allt of rólegt að sitja á myndbandaleigu

„Ég veit það ekki. Þegar ég hef farið utan hef ég verið svo stuttan tíma í burtu að ég hef ekki náð að sakna neins. En nú þegar ég fer alfarinn held ég að það verði fólkið sem ég sakna. Maður er búinn að kynnast svo mörgu fólki og á svo marga vini hérna – og marga óvini! Auðvitað hlýtur maður að sakna einhvers, en reynslan verður að leiða í ljós hvað það er. Reyndar er ég nú þegar farinn að sakna sjómennskunnar. Það er ekki staður fyrir mig að sitja inni á vídeóleigu. Þetta er allt of rólegt! Ég þarf meiri aksjón og hreyfingu.“

– Það hefur ekki snjóað þar sem þú ert alinn upp...

„Nei, þetta er heitasta héraðið á Spáni. Á sumrin var ég mikið að vinna kringum kvikmyndir. Þarna má heita eyðimörk vegna þurrka og þar hefur verið gert mikið af kúreka- og eyðimerkurmyndum, eins og myndirnar um Patton hershöfðingja og Arabíu-Lawrence. Oft þarf mikið af statistum og aðstoðarfólki og það var vel borgað og gaman að vera í þessu á sumrin og þéna vasapeninga.“ Það er svo þurrviðrasamt í Almeria og þar í kring, að Mikael hefur aldrei séð vatnsdropa í árfarveginum sem liggur í gegnum borgina. Meira að segja er um þessar mundir verið að gera bílastæði þar í miðjum farveginum. Samt er þessi staður kallaður búr Evrópu, því að þar er framleitt svo mikið af grænmeti í gróðurhúsum. Þar vex grænmetið undir mörgum ferkílómetrum af plasti sem er eins og haf yfir að líta.

Of heitt fyrir saltfisk

– Matarhefðirnar eru ólíkar á Spáni og Íslandi, sagðirðu. Spánverjar borða sennilega meiri íslenskan saltfisk en Íslendingar sjálfir...

„Ekki ég. Spánn er stórt land og hvert hérað með sína siði. Saltfiskurinn er miklu meira á Norður-Spáni og í Katalóníu en þar sem ég er alinn upp. Á Suður-Spáni er svo heitt að þar þyrfti fólk að vera undir vatnskrananum allan daginn ef það æti salt-

Sjúkratryggingar...

Enginn dregur í efa að umtalsvert bil sé milli sérfræðinga í læknastétt og Tryggingastofnunar ríkisins í samningamálum. Það er miður. Íslendingar hafa lengi gumað sig af því að eiga ekki bara besta heilbrigðiskerfi í heimi heldur einnig eitthvert albesta almannatryggingakerfi sem um getur. Almenningur á Íslandi hefur verið þeirrar skoðunar einnig, að því er best verður séð. En er þetta endilega rétt skoðun? Ekki hafa allir verið á eitt sáttir í þessum efnum. Til eru þeir sem telja að ríkið eigi ekki að vasast í sjúkratryggingum. Til þeirra verka séu margir betur í stakk búnir. Svarið við spurningunni kann að verða á ýmsa lund. Það gæti verið já, það gæti verið nei og eitthvað þar á milli. Á endanum kom yfirlýsing frá heilbrigðisráðherra þess efnis að þeir sem nýtt hefðu sér þjónustu sérfræðinga eftir að samningum var sagt upp gætu vænst einhverrar endurgreiðslu þegar samningar hefðu tekist á nýjan leik.

Að vísu hefur heyrst frá samningamönnum að þessi yfirlýsing hafi sett samningaviðræðurnar í sjálfheldu.

.....í sjálfheldu

En stóra vandamálið er auðvitað ekki hvað tefur samningaviðræður heldur hitt að allur almenningur, sem telur sig vera sjúkratryggðan fyrir tilstuðlan skattgreiðslna sinna um árabil, jafnvel áratuga skeið, veit ekki hvar hann stendur. Yfirlýsing heilbrigðisráðherra var því auðvitað eðlileg og sjálfsögð. Áður var innheimt sérstakt gjald til sjúkrasamlaganna um allt land, svokallað sjúkrasamlagsgjald. Það var lagt niður fyrir tæpum þremur áratugum árið 1972 ef rétt er munað.

Í sinni einföldustu mynd var fyrirkomulagið, nú kallað kerfið, þannig að allir sem voru orðnir 16 ára greiddu fast gjald til síns sjúkrasamlags, sem var í raun þeirra tryggingafélag varðandi sjúkra- eða heilbrigðistryggingar. Kerfið var einfalt. Fastur skattur greiddur af hverjum einstaklingi, sem náð hafði ákveðnum aldri, svokallaður nefskattur stóð undir greiðslum sjúkratrygginga. Þetta var gegnsætt, svo notað sé nútímamál. Allir greiddu lágmarksgjald. Næst var tekið upp svonefnt sjúkratryggingagjald, sem innheimt var sérstaklega hjá flestum, ekki þó þeim tekjulægstu og öldruðum. Á endanum hvarf þetta inn í almennar skattgreiðslur. Það þýðir að allir eru tryggðir, sem telst gott. Skattgreiðslur virðast ekki skipta máli. En nú er svo komið, að eftir bið í óvissu verða þeir sem ekki gátu beðið eftir nauðsynlegum aðgerðum og urðu að leggja út fyrir þeim sjálfir í fullkominni óvissu um endurgreiðslu, að bíða enn, án þess að vita hversu lengi og án nokkurrar vissu um það hversu mikið að af útlögðum kostnaði sínum þeir fá endurgreitt.

Tryggingastofnun ríkisins

Tryggingastofnunin er mikilvæg stofnun í íslensku samfélagi. Auk þess að annast um sjúkratryggingar hefur hún á sinni könnu elli- og örorkulífeyri. Hún tengist því beint lífi og afkomu tuga þúsunda Íslendinga og óbeint enn fleirum. Ekki er á nokkurn hátt hallað á þessa ágætis stofnun þótt spurt sé hvort ekki muni nú tímabært að taka starf hennar og verkefni til endurskoðunar. Af mörgu er að taka. Lífeyristryggingar eru að færast í annan farveg en fyrr. Lífeyrisjóður starfsmanna ríkisins er til að mynda kominn út úr Tryggingastofnun.

Er þar ef til vill kominn fyrsti vísir að gerbreyttri Tryggingastofnun, sem gæti orðið að veruleika innan fárra ára? Hvort svo verður skal ósagt látið hér og nú. En deilur læknanna, sérfræðinganna sem sagt hafa upp áður gildandi samningum, leiða hugann óneitanlega að nauðsyn þess að leita stöðugt nýrra leiða til að nýta peninga og mannafla með besta mögulega hætti hverju sinni.

Margir hafa velt því fyrir sér hvers vegna tannlækningar séu utan við sjúkratryggingar almannatrygginga, nú eða gleraugnakostnaður. Víða erlendis eru tannlækningar hluti sjúkratrygginga á frjálsum markaði. Sums staðar erlendis eru gleraugu hluti af opinbera tryggingakerfinu. Er tímabært að skoða tilvist þessara trygginga í tengslum við aðrar heilbrigðistryggingar eða eru tennur og augu Íslendinga verri en samsvarandi líkamspartar annara þjóða?

Það er sérstakt viðfangsefni að kanna heilsu Íslendinga í samanburði við aðrar þjóðir, enda er sú iðja að verða að milljarða viðskiptum ef marka má umsvif Íslenskrar Erfðagreiningar. Það fyrirtæki færir mikið fé inn í íslenskt efnahagslíf. Er það vel. En kannski má læra meira en erfðafræði af útlendingum. Kannski gætum við Íslendingar lært að vinna að einu í einu. Þá er auðvitað átt við það, að sérfræðingar í læknastétt eigi þess kost að vinna annað hvort sjálfstætt á stofum sínum og þiggja samningsgreiðslur af Tryggingastofnun eða vinna innan veggja sjúkrahúsanna. Þeir geta auðvitað gert hvort tveggja en ekki um leið. Hér gildir annað hvort eða. Eins er um samningana. Þeim verður að ljúka.

-Stakkur

fisk. Hins vegar er mjög gott að borða saltfisk að spænskum hætti, að fá sér bita af honum hráum og sopa af rauðvíni með.“

– Hvernig finnst þér íslenskur þorramatur?

„Ég sleppi öllu nema harðfiskinum og hangikjötinu! Lyktin er miklu meira en nóg fyrir mig.“

Litlar tómstundir með sjómennskunni

Þegar ég spyr Mikael hvað hann hafi helst fengist við í tómstundum, fyrir utan merkjasöfnunina á seinni árum, segir hann:

„Það var lítið hægt að eiga af tómstundagamni með sjómennskunni. Fríin voru svo lítil. Ég var yfirleitt alltaf yfir 320 daga á sjó á ári og fjölskyldan stór. Hins vegar teiknaði ég töluvert á sjónum.“

– Ertu persónulega kunnugur landa þínum Baltasar listmálara?

„Nei. Ég þekki Pétur Guðmundsson listmálara hér á Ísafirði. Hann er góður vinur minn og ákaflega góður listamaður. En ég er ekkert góður. Það sem ég hef fengist við eru pennateikningar. Mér líkar ekki við Baltasar sem persónu. Ég gleymi aldrei viðtali sem Sonja Diego átti við hann í sjónvarpinu. Þessi maður hafði þá ekki komið til Barcelona í sennilega fimmtán ár og talaði samt um þessa heimaborg sína á þann hátt að mér líkaði það ekki. Ég var stundum í Barcelona og fannst borgin alveg frábær og fólkið elskulegt. Mér líkaði ekki hvað þessi maður talaði illa um sínar eigin heimaslóðir.“

Mikael er ómyrkur í máli um versnandi hag íslenskra sjómanna, um kvótakerfið og um verkfallið sem nýlega var skotið á frest. Hann nefnir að jafnskjótt og frestun var ákveðin og sjómennirnir sendir út aftur hafi loðnuverðið og þar með laun sjómanna verið lækkað um þriðjung. „Það átti ekki að fresta þessu verkfalli, heldur halda því áfram“, segir hann. „En samningar eru lausir og úr því svona er komið ættu sjómenn að segja upp, allir sem einn. Útgerðarmenn geta svo bara reynt að finna mannskap á skipin í staðinn. Það er alltof mikil pólítík í þessum málum. Davíð er bara brúða sem peningamennirnir stjórna.“

Mörg ár í heimavistarskóla

Skólakerfið á Spáni er að ýmsu leyti frábrugðið því sem er hér á Íslandi. Mikael var ungur að aldri sendur að heiman í unglingaskóla og menntaskóla í Malaga-héraði, þar sem hann var í sex ár. „Þetta var heimavistarskóli fyrir hálfgerða vandræðakrakka“, segir hann.

– Varst þú vandræðakrakki?

„Nei, eiginlega ekki. Ég var kannski latur að læra. Foreldrar mínir voru í hópi þeirra sem vilja að allir krakkarnir ljúki langskólanámi. Elsti bróðir minn var mjög duglegur námsmaður og gekk mjög vel og þau vildu að ég fetaði í fótspor hans. Það var svo sem allt í lagi að vera í þessum skóla og ég lærði töluvert. Þar var mikið um íþróttir og ég stundaði bæði handbolta og fótbolta. Þegar þessum skóla lauk fór ég aftur heim til Almeria og var þar eitt ár í undirbúningi fyrir háskólanám. Þar spilaði ég mikið handbolta, en foreldrarnir bönnuðu mér það, því að ég var ekki heill í lungum frá því að ég var krakki. Ég þurfti að beita bæði klækjum og lygi til þess að komast á æfingar. Ég var nokkuð góður í handbolta, þó að ég segi sjálfur frá“, segir hann. „Líka var ég í júdó og þegar ég var í herþjónustunni var ég í sérsveit þar sem voru menn með þjálfun í júdó og karate. Það var mjög erfiður tími með stanslausum æfingum átta til níu tíma á dag, klifri, fjallgöngum og köfunum.“

Missti af þeirri tilfinningu að vera í fjölskyldu

Þegar Mikael fór í háskóla var um tvennt að ræða, segir hann: „Að vera heima og læra eitthvað sem ég vildi ekki, eða fara í burtu og gera það sem ég vildi. Og ég fór til Norður-Spánar, bara til að komast sem lengst frá fjölskyldunni.“ Þar var Mikael tvö ár í verkfræði. „Bræður mínir tveir lærðu læknisfræði í Granada og þeir höfðu íbúðir á leigu og pabbi sendi þeim peninga fyrir fæði og húsnæði, en ég fékk svo lítið að ég varð að búa á gistiheimili og pabbi lét mig ekki hafa peningana í hendur heldur borgaði sjálfur leiguna. Hann hélt að ég myndi eyða peningunum í eitthvað annað! Þetta er einna minnisstæðast frá þessum tíma. Ég var svo lengi í burtu í heimavistarskólanum, að ég missti einhvern veginn af þeirri tilfinningu að vera í fjölskyldu. Ég var alltaf níu mánuði á ári í skólanum. Kannski ég hafi verið minni fjölskyldumaður í mér hérna á Íslandi þess vegna, þó að ég ætti mína fjölskyldu í landi. Það er ekki fyrr en núna þegar árin eru tekin að færast yfir sem maður er farinn að hugsa meira um fjölskylduna.“

-Hlynur Þór Magnússon.

Kveðja frá Vestfirðingum að sunnan

Tveir Bolvíkingar í liði Akraness

Á dögunum fékk blaðið bréf frá nokkrum Vestfirðingum, búsettum á Akranesi, sem fylgjast vel með heimahögunum og gangi mála þar. Í bréfinu vekja þeir athygli blaðsins á því að tveir Bolvíkingar komi til með að leika með liði ÍA í knattspyrnu á næsta keppnistímabili, en eins og lesendum blaðsins er kunnugt um, gerði Hálfdán Gíslason, íþróttamaður Bolungarvíkur, samning við félagið fyrir stuttu. BB þakkar bréfið og tekur sér það bessaleyfi að birta bréfið án breytinga:

Ágæti ritstjóri Bæjarins besta á Ísafirði.

Við erum hér nokkrir Vestfirðingar á Akranesi sem fylgjumst vel með heimahögunum og gangi mála á Vestfjörðum. Einn mikilvægasti hlekkurinn í upplýsingamiðluninni er blað yðar sem veitir okkur jafnan mikla ánægju og nægt umræðuefni, hvort sem við erum í sundlaugunum eða á öðrum mannamótum. Með þessu stutta bréfi viljum við þakka fyrir blaðið og hvetja ykkur til dáða í útgáfunni.

Tengsl Akraness og Vestfjarða hafa allt frá upphafi byggðar verið sterk enda sést það kannski best á því að heilu fjölskyldurnar eiga ættir sínar að rekja til Vestfjarða. Fyrir skemmstu fluttist ungur afreksmaður frá Bolungarvík til Akraness og gekk til liðs við besta fótboltalið landsins, ÍA. Um þennan unga afreksmann af Vestfjörðum er fjallað í skemmtilegu viðtali í blaði yðar þann 28. janúar sl. Hálfdán Gíslason er glæsilegur íþróttamaður sem vonandi á eftir að gera það gott í knattspyrnunni. Koma þessa unga manns hefur glatt okkur enda fylgjum við Skagamönnum að málum í knattspyrnunni.

Með þessu bréfi viljum við hins vegar vekja athygli þína á að Hálfdán er annar Bolvíkingurinn í liðinu. Fyrir er ungur bráðefnilegur knattspyrnumaður sem hefur vakið athygli knattspyrnuáhugamanna á Akranesi og víðar. Hér er átt við Sigurjón Jónsson, 19 ára Bolvíking sem kom til Akraness fyrir einum tveimur árum til að stunda nám í Fjölbrautaskóla Vesturlands. Þessi ungi maður er líkur Hálfdáni að því leyti að lítið fer fyrir honum dags daglega en er þó nokkuð áberandi. Sigurjón er sonur Jóns Vignis Hálfdánarsonar og Guðrúnar Ólafsdóttur. Sigurjón hefur eins og fyrr segir dvalið áAkranesi síðasta árið og var einn af lykilmönnum ÍA í 2. flokki á síðasta ári.

Sigurjón æfði jafnframt með meistaraflokki félagsins og komst nokkrum sinnum í hópinn. Hann spilaði fjölda leikja með b-meistaraflokksliði ÍA á síðasta keppnistímabili og stóð sig svo vel að Logi Ólafsson, þjálfari gerði 3ja ára samning við þennan unga mann á dögunum. Þannig að Vestfirðingar eiga ekki bara einn, heldur tvo fulltrúa í röðum Skagamanna á komandi keppnistímabili.

Okkur finnst ástæða til þess að vekja athygli Bæjarins besta á þessu enda virðist hann hafa gleymst alveg og vera talinn einn af Akurnesingunum. Sigurjón er Bolvíkingur og Vestfirðingur sem á sína fjölskyldu og heimili fyrir vestan.

Sigurjón Jónsson.

Haldið áfram með gott blað!

Kveðja frá Vestfirðingum að sunnan.

Ísafjörður

Kúttmagakvöld Lions

Hið árlega kúttmagakvöld Lionsklúbbs Ísafjarðar verður haldið í Félagsheimilinu í Hnífsdal föstudagskvöldið 27. febrúar og hefst kl. 19.

Líkt og áður er öllum fullveðja körlum boðin þátttaka á kvöldinu, en eins og kunnugt hafa kvöld sem þessi einungis ætluð karlmönnum. Breyting varð þó á, á síðasta ári er fyrstu konunni var leyft að mæta, en það var Þórunn Gestsdóttir, þáverandi aðstoðarmaður bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar og félagi í Lions.

Á kvöldinu verður boðið upp á fjölbreytt sjávarréttahlaðborð og skemmtiatriði. Miðapantanir eru hjá Erni Ingasyni í símum 456 3696 og 456 3744, Kristjáni Pálssyni í símum 456 3638 og 456 3201.

Frá undirritun samstarfssamningsins milli sveitarfélaganna þriggja, SÁÁ og heilbrigðisráðuneytisins. Ásgeir Þór Jónsson Bolungarvík, Ágúst Kr. Björnsson Súðavík og Kristinn Jón Jónsson Ísafirði, undirrituðu samninginn fyrir hönd sveitarfélaganna og þau Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðisráðherra og Einar Gylfi Jónsson, sálfræðingur fyrir hönd heilbrigðisráðuneytisins og SÁÁ.

Fjölmenn námstefna um forvarnir gegn vímuefnum

Samstarfssamningur undirritaður við SÁÁ

Á föstudag var undirritaður samstarfssamningur milli Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkur og Súðavíkur annars vegar og SÁÁ og heilbrigðisráðuneytisins hins vegar, um forvarnir gegn vímuefnum í sveitarfélögunum. Í framhaldi af undirrituninni var efnt til námsstefnu í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, þar sem farið var yfir stöðu mála í forvörnum í sveitarfélögunum auk þess sem skoðað var, hvað hefði verið vel gert og hvað mætti gera betur. Námstefnuna sóttu á sjöunda tug manna og þótti hún vel heppnuð að sögn Hlyns Snorrasonar, verkefnisstjóra VáVest, starfshóps um vímuvarnir á norðanverðum Vestfjörðum.

„Tilgangurinn með námsstefnunni var að fara yfir stöðu mála í forvörnum á svæðinu, skoða hvað hefði verið gert vel og hvað mætti betur fara. Á námstefnunni var gestum skipt niður í vinnuhópa og skilaði hver þeirra áliti á stöðu mála í sveitarfélögunum. Þá lögðu hóparnir fram áætlanir um hvernig best yrði unnið að forvörnum og var þá bæði horft til nánustu framtíðar sem og lengra fram í tímann. Það kom fram fjöldi góðra hugmynda að forvörnum og mun því eftirleikurinn hjá VáVest-hópnum, sem sér um að samræma vinnuna hér heima, verða auðveldari," sagði Hlynur Snorrason í samtali við blaðið.

Hlynur sagði vímuefnaneyslu ungs fólks á norðanverðum Vestfjörðum, hvorki vera minni eða meiri en í öðrum sveitarfélögum á landinu, en ljóst væri að þar sem um mikinn vágest væri að ræða, þyrfti á öllum hugsanlegum forvarnaraðferðum að halda. Í framhaldi af námsstefnunni er ráðgert að efna til fundar með forsvarsmönnum sveitarfélaganna þriggja sem og fulltrúum íþróttafélaganna þar sem framhaldið verður kynnt auk þess sem til stendur að efna til borgarafundar um mál þessi. Ekki liggur fyrir hver heildarkostnaður við forvarnarstarfið er, en hlutur sveitarfélaganna þriggja mun vera um 450 þúsund krónur.

Á sjöunda tug manna sóttu námstefnu um forvarnir gegn vímuefnum sem haldin var í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á föstudag.

PRO PLAN kjötfóðrið er heimsins besta hundafóður.

Lengi býr að fyrstu gerð.

Nú eru fjölmargar gerðir til í stórum sekkjum í Vöruvali. Vertu hyggin(n) og hagsýn(n). Með því að nota svona fóður kostar 30-90 kr. á dag að fóðra meðalstóran hund.

Áskrifendur ath!

Einn eiga fjölmargir áskrifendur eftir að gera skil á útsendum gíróseðlum vegna áskriftagjalda á síðasta ári. Hafi greiðslur ekki borist 28. febrúar verða áskriftasendingar stöðvaðar.

Tölvunámskeið í mars

2.-5. mars	Windows 95
9.-12. mars	MS Excel
16.-19. mars	MS Word
23.-26. mars	Internetið

Síðan í nóvember hefur verið fullt á námskeiðunum hjá okkur en nú eru laus sæti á ný. Eldri pantanir óskast einnig staðfestar. Námskeiðin fara fram í tölvuskóla Snerpu að Mánagötu 6. Jafnframt eru laus tvö sæti í MS Access námskeið sem haldið verður á næstunni. Öll námskeiðin eru 12 klst. námskeið sem hefjast kl. 19:30 ofangreinda daga. Vinsamlega bókið sem fyrst. Námsgögn eru innifalin í verði hvers námskeiðs sem er kr. 12.900,-. Skráning er hafin í síma 456-5470. Fyrirtæki og stofnanir athugið. Bjóðum sérsniðin námskeið eftir óskum hvers og eins. Hafið samband og leitið upplýsinga.

TÖLVU- OG NETÞJÓNUSTA SNERPA
— NOTAÐU TÆKNI MORGUNDAGSINS Í DAG!

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Slysavarnarkonur! **Föndrað** verður í Sigurðarbúð laugardaginn 28. febrúar. Húsið opnar kl. 13. Föndur verður einnig mánudaginn 2. mars og opnar húsið kl. 20.

Til sölu er **Rafha eldavél** í góðu lagi. Selst á kr. 3.500. Uppl. í síma 456 4184 í hádeginu og á kvöldin.

Óska eftir **ísskápi**, helst gefins eða fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 456 4378.

Til sölu er **sófasett** fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 456 5298 eftir kl. 17.

Til sölu er **Willis jeppi** árg. 1966, á 33 tommu dekkjum. Uppl. í síma 456 3377.

Til leigu eða sölu er einbýlishús sem staðsett er miðsvæðis á Suðureyri. Húsið er mikið endurnýjað. Uppl. í síma 421 6350.

Til sölu er **Suzuki Fox** árg. 1984 á 35 tommu dekkjum. Bíllinn þarfnast smá aðhlynningar. Fæst fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 456 6237.

Til sölu er einbýlishúsið að Seljalandsvegi 68 á Ísafirði. Verð aðeins kr. 10.500.000. Upplýsingar gefur Guðlaug í síma 555 4783.

Til sölu er **Lada Sport** árgerð 1988. Bíllinn er ekinn 78 þús. km og er í góðu standi. Uppl. í síma 456 5306 eftir kl. 18 og um helgina.

Til sölu er Chevrolet Monza árgerð 1987, ekinn 120 þús. km og í góðu standi. Uppl. í síma 456 5306 eftir kl. 18 og um helgina.

S.O.S. Óska eftir að kaupa lítið notaðan ískáp sem fyrst. Uppl. í símum 456 4365 og 895 7155 eftir kl. 15.

Til leigu er 3ja herbergja íbúð í Stórholti. Upplýsingar í síma 456 4727.

Til sölu er nýlegt Rossignol **snjóbretti**, Airwalk skór, brettagalli og taska. Uppl. í síma 456 4081 á kvöldin.

Til leigu er lítil einstaklingsíbúð. Upplýsingar í síma 456 4186.

Notuð **eldavél** í góðu standi, fjórar hellur og **blástursofn** fæst gefins. Á sama stað óskast **kommóða** eða lítill skápur (t.d. gamall stofuskápur). Má þarfnast lagfæringar. Upplýsingar í síma 456 3998.

Láttu **drauminn** rætast! Ert þú 18-30 ára og langar þig að gerast **skiptinemi** í eitt ár? Ennþá eru laus pláss í Evrópu, Asíu, Afríku og Ameríku. Uppl. í síma 561 4617.

Vegna flutnings eru til sölu IKEA **fururúm** 105x200 og lítil kommóða. Fást á góðu verði. Uppl. í síma 456 5158.

Slysavarnadeildin Hjálp og Björgunarsveitin Ernir í Bolungarvík. **Aðalfundur** verður haldinn í Slysavarnahúsinu, Hafnargötu í Bolungarvík, fimmtudaginn 26. febrúar kl. 20:30.

Til sölu eru **Atomic skíði** 1,65 sm með bindingum. Verð kr. 7.000., Lange klossar nr. 36-37 á kr. 4.000 og DNG sjálfvirk **færarúlla** á kr. 50.000. Uppl. í síma 456 3932.

Óska eftir að kaupa 110 sm skíði og klossa nr. 31, skíði 90 sm, klossa nr. 28, skíði 170 sm, skíði 180 sm og klossa nr. 143-144. Upplýsingar í síma 456 5308 eða 456 3200. Auður.

Til sölu eru **Habitat** svefnsófi, GKS skrifsborð með skúffu fyrir lyklaborð, einbreið IKEA sultan dýna, hillueiningar, sófaborð, GKS borðstofuborð, GKS borðstofustólar, GKS stólar og hægindastóll úr leðurlíki. Hlutirnir seljast ódýrt. Upplýsingar í síma 456 3240 á kvöldin og um helgar.

Til sölu er **Mazda 626** árg. 1983. Mjög vel með farinn bíll. Uppl. í síma 456 3654.

Til leigu er 2ja herb. íbúð. Uppl. í síma 456 4075.

Dagur tónlistarskólanna á Íslandi á laugardaginn

Tónleikahátíð nemenda

Laugardagurinn 28. febrúar nk., hefur verið útnefndur Dagur tónlistarskólanna á Íslandi og er tilgangurinn að vekja athygli almennings og stjórnvalda á því mikla starfi sem fram fer í tónlistarskólum um allt land.

Af þessu tilefni mun Tónlistarskóli Ísafjarðar gangast fyrir mikilli tónleikahátíð í hátíðarsal Grunnskóla Ísafjarðar um næstu helgi. Haldnir verða þrennir tónleikar með mismunandi efnisskrá, kl. 15 og kl. 17 á laugardag og kl.15 á sunnudag. Hér er um mjög viðamikla tónleika að ræða, þar sem hátt á annað hundrað nemendur koma fram í samleik af ýmsu tagi. Markviss þjálfun í samleik er afar mikilvægur þáttur tónlistaruppeldis, auk þess sem slík vinna eflir samhug meðal nemenda.

Mismunandi efnisskrá er á öllum tónleikunum en afar fjölbreytt og lífleg. Þá munu barnakórinn og unglingakórinn koma fram. Eins og kunnugt er verður Tónlistarskóli Ísafjarðar fimmtugur á þessu ári. Þessara tímamóta verður minnst á ýmsan hátt og er tónleikahátíðin nú einn liður í afmælishaldinu, en um síðustu helgi héldu kennarar skólans mjög vandaða og eftirminnilega tónleika. Aðgangur að tónleikahátíðinni er öllum opinn og aðgangur er ókeypis. Veitingar verða seldar í hléi á öllum tónleikunum og rennur ágóði af sölunni í byggingarsjóð skólans.

Myndbandaleigan Leikjaheimar til sölu

Myndbandaleigan og söluturninn Leikjaheimar á Ísafirði er til sölu. Fyrirtækið er í fullum rekstri.

Allar nánari upplýsingar í síma 456 3617.

Þórsmótið í skíðagöngu

Góður árangur Vestfirðinga

Bikarmót SKÍ í norrænum greinum, Þórsmótið, var haldið í Hlíðarfjalli við Akureyri um síðustu helgi. Fjölmargir Vestfirðingar tóku þátt í mótinu og stóðu sig með stakri prýði.

Katrín Árnadóttir, Önundarfirði sigraði í 3,5 km göngu 13-14 ára og var önnur í 5 km göngu í sama aldursflokki. Jakob E. Jakobsson, Önundarfirði sigraði í 3,5 km göngu 13-14 ára drengja og varð annar í 5 km göngu í sama aldursflokki.

Jóhanna Halldórsdóttir, Önundarfirði sigraði í 3,5 km göngu 15-16 ára stúlkna og önnur varð Sandra Steinþórsdóttir Önundarfirði. Þær urðu í 2. og 3. sæti í 7,5 km göngu í sama aldursflokki.

Ólafur Th. Árnason Ísafirði sigraði í 7 og 10 km göngu 15-16 ára drengja og Þorsteinn Hymer Önundarfirði varð þriðji í 7 km göngu 17-19 ára pilta. Þá sigraði Sigrún Halldórsdóttir Önundarfirði í 3,5 km og 7,5 km göngu kvenna 17 ára og eldri. Góður árangur hjá vestfirsku göngufólki á fyrsta móti vetrarins.

Ísafjarðarprestakall · Ísafjarðarprófastsdæmi

Konur styrkja konur

Styrkingarnámskeið fyrir konur verður í Safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 1. mars frá kl. 13-18.

Umsjón með námskeiðinu hefur Halla Jónsdóttir, hugmyndasögufræðingur, en hún hefur haldið fjölda slíkra námskeiða um allt land við góðar undirtektir.

Vinsamlegast skráið ykkur í síma 456 3171. Ef enginn er við þá tekur sjálfvirkur símsvari við skráningunni.

Ísafjarðarkirkja.

Veðurhorfur næstu daga:
Búast má við talsvert miklu frosti um allt land fram yfir helgi.

Fimmtudagur til laugardags:
Fram á laugardag verður vindur nokkuð stífur úr norðri, með ofankomu einkum norðanlands.

Á sunnudag:
Lægir og léttir líklega til á mánudag.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Erum með til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

HELGAR sjónvarpið

FIMMTUDAGUR

09.00 Línurnar í lag
09.15 Sjónvarpsmarkaður
13.00 Draumur í Arizona (e)
15.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
16.00 Eruð þið myrkfælin?
16.25 Steinþursar
16.50 Með afa
17.40 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Ljósbrot
20.35 Systurnar (17:28)
21.30 Morðsaga (17:18)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Stræti stórborgar (22:22)
23.40 Draumur í Arizona (e)
01.55 Dauðaþögn (e)
03.25 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR

09.00 Línurnar í lag
09.15 Sjónvarpsmarkaður
13.00 Stræti stórborgar (22:22)
13.45 Þorpslöggan (13:15) (e)
14.35 Ellen (12:25) (e)
15.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
15.35 NBA tilþrif
16.00 Skot og mark
16.25 Jói ánamaðkur
16.50 Steinþursar
17.15 Glæstar vonir
17.40 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Tónlistarmyndbönd
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Lois og Clark (22:22)
20.55 Fæddur frjáls
(Born To Be Wild)
22.40 Rólegan æsing
(Don't Be A Menace to South Central While Drinking Your Juice In The Hood)
00.15 Konungur í New York (e)
(King of New York)
01.55 Kaliforníumaðurinn (e)
(California Man)
03.25 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR

09.00 Með afa
09.50 Bíbí og félagar
10.45 Andinn í flöskunni
11.10 Enski boltinn
13.05 NBA molar
13.30 Kötturinn Felix
14.50 Enski boltinn
17.00 Oprah Winfrey
Gestir Opruh í dag eru leikstjórinn Steven Spielberg og leikarinn Matthew McConaughey sem leikur á móti Jodie Foster í bíómyndinni Contact.
17.45 Glæstar vonir
18.10 60 mínútur (e)
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Simpson-fjölskyldan
20.30 Cosby (19:25)
21.00 Hvítinginn
(Powder)
Áhrifarík bíómynd um ungan dreng sem hefur verið lokaður niðri í kjallara hjá afa sínum og ömmu frá því hann fæddist. Þegar utanaðkomandi aðilar finna loks strákinn og honum er hleypt út kemur í ljós að hann býr yfir ótrúlegum hæfileikum. En hann hefur útlitið ekki með sér og má því hafa mikið fyrir því að sigrast á fordómum og meinfýsni jafnaldra sinna.
23.00 Riddarinn á þakinu
(Le Hussard Sur le Toit)
Frönsk úrvalsmynd frá 1995.
01.25 Á nálum (e)
(The Panic in Needle Park)
03.15 Úr fortíðinni (e)
(Out Of Annie's Past)
04.45 Dagskrárlok.

SUNNUDAGUR

09.00 Sesam opnist þú
09.25 Ævintýri Mumma
09.40 Tímon, Púmba og félagar
10.05 Andrés Önd og gengið
10.20 Spékoppurinn
10.45 Svalur og Valur
11.10 Madison (22:39)
11.35 Húsið á sléttunni
12.00 Gerð myndarinnar Postman
12.45 Viðskiptavikan
13.00 Íþróttir á sunnudegi
16.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
16.50 Fúll á móti (e)
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Geimfjölskyldan (1:8)
20.30 Heima.
21.05 Sér grefur gröf
(Faithful)
22.35 60 mínútur
23.25 Ástin er æði (e)
(Miami Rhapsody)
Rómantísk gamanmynd um kosti og galla vígðrar sambúðar. Gwyn Marcus vill giftast eins og aðrir en skömmu eftir að hún tekur bónorði unnusta síns kemst hún að því að hjónabandið er enginn dans á rósum. Aðalhlutverk: Mia Farrow, Antonio Banderas
01.00 Dagskrárlok.

HELGAR veðrið

HELGAR sportið

FIMMTUDAGUR

13.00 Skjáleikur
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Undrabarnið Alex (16:26)
19.00 Úr ríki náttúrunnar
19.30 Íþróttir 1/2 8
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Dagsljós
21.05 Frasier (22:24)
21.30 ...þetta helst
22.10 Saksóknarinn (3:22)
23.00 Ellefufréttir
23.15 Króm

FÖSTUDAGUR

13.00 Skjáleikur
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þytur í laufi (29:65)
18.30 Fjör á fjölbraut (14:26)
19.30 Íþróttir 1/2 8
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Dagsljós
21.10 Gettu betur (2:7).
22.15 Ratvís
00.05 Skaðræðisgripur III

Um helgina

Diskótek 18 ár

föstudagskvöld til kl. 03

Hljómsveitin RÓS

skemmtir laugardagskvöld til 03

Diskótek

laugardagskvöld

til 03 18 ár

Ísafjarðarbíó

Devil´s Advocate

Sýnd:
Fimmtudag kl. 9
Föstudag kl. 9

LÍNA LANGSOKKUR

Teiknimynd
með ísl. tali
Sýnd:
Sunnudag
kl. 3 og 5

Opnunartími í Vídeóhöllinni
Frá kl. 16:00 til kl. 19:00 og frá kl. 20:00 til kl. 23:30alla daga
Nýjar myndir kr. 400,- (ein eldri frí með)
Mikið úrval af myndum og góð þjónusta!

Vandaðu til verks... ... verslaðu í Vídeóhöllinni

Vídeó Höllin – við Norðurveg
456 4853

Ert þú að leita að: spennumúsiksannsögugamandramahryllingsfræðsluævintýravísandabarnateiknimynd

TV 1000 GVERVIHNATTA sjónvarpið

TV2 NORGE · TV3 D+N+S · TV DANMARK · KANAL 5 SVERIGE · MTV EUROPE · DR2 DANMARK · CNN USA · NRK 2 NORGE · NRK 1 NORGE · BBC PRIME ENGLAND · CARTOON TNT - USA · CANAL+ NORGE DANMARK

02.00 Útvarpsfréttir
02.10 Skjáleikur

LAUGARDAGUR

08.00 EM í frjálsum íþróttum.
Bein útsending frá Evrópumótinu í Valencia á Spáni þar sem Jón Arnar Magnússon keppir í sjöþraut.
09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.35 Viðskiptahornið
10.50 Þingsjá
11.15 EM í frjálsum íþróttum.
14.20 Þýska knattspyrnan
16.20 EM í frjálsum íþróttum.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Dýrin tala (23:39)
18.30 Hafgúan (11:26)
18.50 Bernskubrek (6:6)
19.20 Króm
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Lottó
20.45 Enn ein stöðin
21.15 Ást í meinum
(Falling in Love)
Bandarísk bíómynd frá 1984 um mann og konu sem bæði eru gift en eiga leynilegt ástarævintýri.
23.05 Lafði Jane
(Lady Jane)
Bresk mynd frá 1985 um kvenskörunginn lafði Jane Grey sem háði baráttu við Maríu Stuart um bresku krúnuna. Leikstjóri er Trevor Nunn og aðalhlutverk leika Helena Bonham Carter, Michael Hordern, Cary Elwes og Joss Ackland. Þýðandi: Veturliði Guðnason.

SUNNUDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.50 EM í frjálsum íþróttum.
Sýnt frá keppni í sjöþraut, þar sem Jón Arnar Magnússon keppir, og ýmsum fleiri greinum á Evrópumótinu í Valencia á Spáni.
12.15 Markaregn
13.15 Paul Auster
14.10 Eldur af himnum
15.00 EM í frjálsum íþróttum.
17.55 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Milli vina (6:11)
19.00 Geimstöðin (13:26)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Karlakórinn Hekla
Íslensk bíómynd frá 1992 um íslenskan karlakór sem fer í tónleikaferð til meginlands Evrópu og lendir í ýmsum ævintýrum.
22.05 Veisla í farangrinum Barcelona
22.45 Helgarsportið
23.05 Hefndin
(Under My Skin)
Gráglettnisleg kanadísk spennumynd um húsvörð sem hyggst ræna sjónvarpsstjörnu og koma fram hefndum fyrir dauða móður sinnar.
00.30 Markaregn
01.30 Útvarpsfréttir
01.40 Skjáleikur

Söluaðili gervihnattabúnaðar: Frum-Mynd, Sólgötu 11 Ísafirði, sími 456 5091

BEINAR ÚTSENDINGAR ERLENDRA SJÓNVARPSSTÖÐVA

TV 3 - NOREGUR

Miðvikudagur 25. febrúar kl. 19:30
Frakkland - Noregur í knattspyrnu
Föstudagur 27. febrúar kl. 13:55 og
laugardagur 28. febrúar kl. 13:55
Skandínavíska meistarakeppnin í knattspyrnu
Sunnudagur 1. mars kl. 13:45
Ítalski boltinn
Miðvikudagur 4. mars kl. 19:00
Monaco - Manchester United

TV 3 - DANMÖRK

Föstudagur 27. febrúar kl. 19:00
Hnefaleikar Jesper Jensen - Sam Stewart
Sunnudagur 1. mars kl. 13:55
Ítalski boltinn
Mivikudagur 4. mars kl. 19:30
Monaco - Manchester United

TV2 - NOREGUR

Laugardagur 28. febrúar kl. 11:00
Chelsea - Manchester United
Laugardagur 28. febrúar kl. 14:45
Enski boltinn
Sunnudagur 1. mars kl. 15:50
Bækkelaget - Kuban Krasnodar
í Evrópukeppninni í handbolta

TV 3 - SVÍÞJÓÐ

Laugardagur 28. febrúar kl. 13:10
Dubai Desert Classic í golfi
Sunnudagur 1. mars kl. 13:30
Ítalski boltinn
Miðvikudagur 4. mars kl. 19:00
UEFA bikarkeppnin

NRK 1

Laugardagur 28. febrúar kl. 10:55
World Cup í skíðastökki
Laugardagur 28. febrúar kl. 22:10
Evrópukeppnin í frjálsum íþróttum

CANAL+ DANMÖRK

Föstudagur 27. febrúar kl. 18:55
Kaiserslautern - Karlsruhe
Laugardagur 28. febrúar kl. 14:25
Bor. Mönchengladbach - Stuttgart

TV-1000

Laugardagur 28. febrúar kl. 20:40
Hnefaleikar: George Scott - Stevie Johnston

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

Flateyri

Sekt fyrir klofspark

Þrítug kona var í síðustu viku dæmd fyrir Héraðsdómi Vestfjarða, til að greiða 50 þúsund króna sekt fyrir að hafa sparkað í klof dyravarðar.

Atburðurinn átti sér stað á veitingahúsinu Vagninum á Flateyri fyrir rúmu ári, en þá stóð yfir á veitingastaðnum, sýning nokkurra erlendra nektardansmeyja. Skaða- og miskabótakröfu var vísað frá dómi.

Gilsfjörður

Framkvæmdum seinkar

Allt bendir til þess að kostnaður við gerð Gilsfjarðarbrúar geti aukist um allt að 100 milljónir og að verkið geti tafist um allt að sex mánuði.

Ástæðan er sú aðgrjótnámur í firðinum hafa reynst heldur rýrari en ráð var gert fyrir. Til þess að ljúka verkinu þarf að aka grjóti í uppfyllingu frá Skarðsströnd.

Bolungarvík

Nettengdar varnir

Almannavarnanefnd Bolungarvíkur hefur sett upp heimasíðu á Internetinu þar sem er að finna helstu upplýsingar sem tengjast snjóflóðahættu í og við bæinn.

Má þar nefna rýmingarkort og ljósmyndir, helstu reglur sem gilda um rýmingu húsnæðis, framkvæmd rýmingar, störf nefndarinnar og fleira. Slóðin á heimasíðu almannavarnanefndar er: http://www.snerpa.is/avb

Maskaball á Eyrarskjóli

Það var mikið fjör á leikskólanum Eyrarskjóli á Ísafirði á mánudag, sjálfan bolludag. Þá voru haldin tvo heilmikil ,,maskaböll" sem vöktu mikla ánægju á meðal yngstu íbúa bæjarfélagsins, enda ekki á hverjum degi sem unga fólkið fær að klæða sig í hin furðulegustu föt. Að sögn Valgerðar Hannesdóttur, leikskólastjóra á Eyrarskjóli, er hefð fyrir ,,maskaballi" á leikskólanum, en á því er mikið dansað við undirleik harmonikku auk þess sem kötturinn er sleginn úr tunnunni og rjómabollur borðaðar í miklum mæli. Ljósmyndari blaðsins leit við á Eyrarskjóli á mánudagsmorgun og tók þá mynd af skrautlegu ungviðinu í léttum dansi.

Forystumenn verkalýðsfélaga ræða sameiningu

Niðurstaða innan fárra vikna

Viðræður munu vera í gangi um hugsanlega sameiningu fjögurra eða fimm verkalýðs- og sjómannafélaga innan Alþýðusambands Vestfjarða.

Viðræðurnar munu vera langt komnar en að þeim standa Verkalýðsfélagið Baldur á Ísafirði, Verkalýðsfélagið Brynja á Þingeyri, Verkalýðsfélagið Skjöldur á Flateyri og Verkalýðsfélagið Súgandi á Suðureyri. Þá mun einnig vera til athugunar að Verkalýðs- og sjómannafélag Álftfirðinga í Súðavík taki þátt í mögulegri sameiningu félaganna.

Samkvæmt upplýsingum blaðsins er niðurstöðu úr viðræðunum að vænta innan fárra vikna. Nú þegar hafa verslunarmannafélögin á Ísafirði og í Bolungarvík, sameinast.

Júgóslavnesku íbúarnir þakka fyrir hjálpsemina

Júgóslavnesk menningarvika

Júgóslavneskir íbúar Ísafjarðarbæjar hafa ákveðið að efna til júgóslavneskrar menningarviku á Ísafirði þar sem land þeirra, þjóð, menning og siðir verða í hávegum höfð. Ráðgert er að menningarvikan hefjist 20. mars en að henni standa auk júgóslavnesku íbúanna, Kiwanisklúbburinn Básar á Ísafirði. Fjórir listamenn frá Júgóslavíu munu sækja Ísafjörð heim á meðan menningarvikan stendur yfir auk þess sem boðið verður til júgóslavnesks kvöldverðar á Hótel Ísafirði. Ráðgert er að um þrjátíu júgóslavneskir íbúar á Höfn í Hornafirði muni sækja menningarvikuna.

Að sögn Sigurðar R. Guðmundssonar hjá Kiwanisklúbbnum Básum, kom hugmyndin frá júgóslavnesku íbúunum á Ísafirði og vilja þeir með menningarvikunni, þakka bæjarfélaginu og íbúum þess fyrir þá hjálp sem þeim var veitt við að eignast nýtt líf. Sigurður sagði að fjölbreytni menningarvikunnar réðist af stuðningi fyrirtækja á Ísafirði og hefur klúbburinn sent fjölmörgum fyrirtækjum beiðni um fjárstuðning auk þess sem opnaður hefur verið reikningur í Íslandsbanka nr. 0556-14-600895. Hann sagði þá listamenn sem þegar hefðu gefið jáyrði fyrir komu sinni, alla vera fagfólk á sínu sviði en þar eru meðal annars tveir listmálarar og óperusöngvari.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Ísafjarðarflugvelli
Sími 456 3000
Gjugg í borg á Stuðmenn!

Opnunartími:
Mánudaga kl. 13-19
Þriðjudaga kl. 10-18
Miðvikudaga kl. 10-19
Fimmtudaga kl. 10-18
Föstudaga kl. 10-19
Laugardaga - breytilegt
Verið velkomin!
HÁR & HITT
Hárgreiðslustofa
Pollgötu 4 Ísafirði Sími 456 5191

Sérferðabæklingurinn kominn!
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

CEBE '98 gleraugu
Skíða • sleða og brettafólk
Gullauga
Dýrfinna Torfadóttir
Gullsmiður og sjóntækjafræðingur
Hafnarstræti 4 • 400 Ísafjörður
Sími: 456 3460

Skreytingar við öll tækifæri
KRANSAR • KROSSAR • KISTUSKREYTINGAR
Verið velkomin
Blómaturninn
AÐALSTRÆTI 21 • ÍSAFIRÐI
Sími/Fax: 456 5297